

61 sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Vatns-
26. marz leysustrandarhrepps, nr. 51 19. marz 1952.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. marz 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

62

27. marz

AUGLÝSING

um leiðréttingar og viðauka við reglur um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga.

Samkvæmt 3. tölulið 21. gr. laga nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau, hafa verið gefnar út leiðréttingar og viðauki (V.) við reglur, sem um getur í auglýsingu nr. 41 31. marz 1951, um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga, sbr. auglýsingu nr. 153 8. ágúst 1951, auglýsingu nr. 234 30. desember 1952, auglýsingu nr. 16 12. febrúar 1954 og auglýsingu nr. 12 22. janúar 1955, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 27. marz 1956.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

63

5. apríl

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild
hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Töluliðir 8, 26 og 34 í b-lið reglugerðarinnar orðist svo:

- 8. svæði: Reykjavík
 - 1. janúar—15. maí
 - 1. september—31. desember
- 26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík
 - 1. apríl—15. desember
- 34. svæði: Fáskrúðsfjörður
 - 1. febrúar—31. maí
 - 1. júní—30. nóvember

2. gr.

Töluliðirnir 8 og 10 í c-lið 3. gr. orðist svo:

- 8. svæði: Reykjavík
 - 15. febrúar—11. maí
 - 1. september—31. desember
- 10. svæði: Hornafjörður
 - 1. marz—11. maí

3. gr.

63

5. apríl

Töluliðirnir 27, 34 og 43 í d-lið 3. gr. orðist svo:

27. svæði: Ólafsfjörður
1. apríl—30. nóvember
34. svæði: Vopnafjörður
15. maí—31. október
43. svæði: Þorlákshöfn
1. marz—11. maí

4. gr.

Með reglugerð þessari falla úr gildi auglýsing nr. 110 20. ágúst 1954, reglugerð nr. 10 17. janúar 1955 og reglugerð nr. 111 20. september 1955, allar um breyting á reglugerð nr. 181 3. október 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnuáráðuneytið, 5. apríl 1956.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

64

6. apríl

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Akraneskaupstað, nr. 207 7. nóv. 1947, sbr. reglugerð nr. 107 6. ágúst 1954 og 22 21. febr. 1955, um breytingu á þeirri reglugerð.

1. gr.

Nýr kafli, sem verður V. kafli, komi á eftir IV. kafla, svo hljóðandi, og breytast kaflaskipti og greinatala reglugerðarinnar því til samræmis:

Um hafnsögu.

13. gr.

Bæjarstjórn skipar hafnsögumenn svo marga, sem þurfa þykir, að fengnum tillögum hafnarnefndar, setur þeim starfsreglur og ákveður laun þeirra, sem greiðast úr hafnarsjóði.

14. gr.

Hafnsögumönnum ber í starfi sínu að haga sér eftir því, sem sagt er í reglugerð þessari og eftir skipun hafnarnefndar. Þeim skal skylt að bera einkennisbúning þann, er hafnarnefnd ákveður.

15. gr.

Bæjarstjórn getur með þriggja mánaða fyrirvara sagt hafnsögumanni upp starfi sínu. Með sama fyrirvara getur hafnsögumaður sagt starfa sínum lausum.

Bæjarstjórn getur fyrirvaralaust vikið hafnsögumanni frá störfum, ef hann verður ur ber að vanrækslu í starfi sínu.